

Sp.

36. Tillaga til þingsályktunar

[36. mál]

um ný samvinnufélagalög.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja undirbúning nýrrar lög-
gjafar um samvinnufélög og samvinnusambönd.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd og er því flutt að nýju. Í greinargerð með tillögunni var þess getið, að ný hluta-
félagalög hefðu verið sett, en síðan segir:

„Með þeirri löggjöf er lagður grunnur að öflugri og heilbrigðri starfrækslu hlutafélaga, en hlutafélagalögin frá 1921 voru að ýmsu leyti ófullkomin, eins og eðlilegt er. Sama er að segja um samvinnufélagalögin. Ef samvinnufélög eiga að dafna, er þörf verulegra umbóta, enda gera stjórnendur þeirra margir hverjir sér grein fyrir því. Sama er að segja um samband samvinnufélaga.

Meðal þeirra, sem vakið hafa athygli á nauðsynlegri nýbreytni, er Erlendur Einarsson, forstjóri S.Í.S. Í erindi, sem hann flutti á ráðstefnu 2. sept. 1972, sagði hann m. a.:

„Nú langar mig til að varpa fram þeirri spurningu, hvernig þetta gæti litið út hjá okkur í dag, ef við færum að gefa út stofnbréf. Við skulum taka Sambandið sem dæmi. Við skulum hugsa okkur að Sambandið gæfi kaupfélögunum kost á stofn-
bréfum og við skulum taka árið í fyrra, 1971. Þegar við lítum á efnahagsreikning Sambandsins 31. des. 1971, þá er eigið fé, það sem við köllum eigið fé, um 607 milljónir króna. Þar eru ekki meðtaldar aukaafskriftir af eignum, vörubirgðum og öðru, þannig að það mætti bæta við þetta hundrað milljónum, þannig að þetta yrði þá um 700 milljónir.“

Síðar segir Erlendur Einarsson:

„Ég vil koma að því, — ég gleymdi því alveg áðan, — að til þess að koma þessu í kring, að byggja upp svona almenningsþátttöku, þá verður að sjálfsögðu að breyta lögnum. Það verður að breyta samvinnulögunum og einnig að breyta skattalögunum.

Skattfrelsi sparifjár í innlánsstofnunum hefur, að mínu áliti, m. a. stuðiað að því að fjármagn hefur frekar leitað í banka, sparisjóði og innlánsdeildir heldur en ella og kannske komið í veg fyrir það, að við séum að leita að nýjum leiðum til að fá þátttöku almennings til að koma með fjármagn inn í samvinnufélögin. Og þótt skattfrelsið hafi eitthvað hjálpað, þá hefur það í sumum tilfellum orðið bjarnar-
greiði.

Hér verður því að breyta lögnum og ég veit, að Eyjólfur Konráð Jónsson verður mér hjálplegur, ég vona það, þegar að því kemur, að fá lagabreytingar um þetta.“

Tímabært er nú að hefja endurskoðun samvinnufélagalaga, og að sjálfsögðu yrði samráð haft við forustumenn samvinnufélaganna og samvinnusambandsins.“

Allt það, sem að framan segir, er enn í fullu gildi og þarf engu við það að bæta.